



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

mánudagur, 17. janúar 2014

Ákvörðun nr. 1/2014

Yfirtaka Fiskvals hf. á rekstri Ný-Fisks ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 11. desember 2013 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir yfirtöku Fiskvals hf. (Fiskval) á rekstri Ný-Fisks ehf. (Ný-Fiskur). Með kaupsamningi, dags. 10. desember 2013 keypti Fiskval allan rekstur Ný-Fisks sem hefur að geyma rekstrartæki, fasteignir, hugverkaréttindi, viðskiptavild ofl. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Fiskval stundar fyrst og fremst flatfiskvinnslu í Reykjanesbæ og er dótturfélag Icelandic Group hf. (IG) en IG er alþjóðlegt fyrirtæki sem framleiðir og selur ferskt, kælt og fryst sjávarfang á alþjóðamarkaði. Ný-Fiskur vinnur aðallega afurðir úr þorski en einnig ýsu, steinbít og karfa. Dótturfélag Ný-Fisks er Útgerðarfélag Sandgerðis ehf. (ÚS) en í samrunatilkynningunni kemur fram að hlutir Ný-Fisks í ÚS fylgdu ekki með í þessum kaupum og því væri útgerðarfélagið ekki hluti þess sem færðist yfir til Fiskvals. Er það mat samrunaaðila að um sé að ræða samruna skv. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 enda mun allur rekstur á vegum Ný-Fisks heyra undir IG í kjölfar samrunans.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Eins og að framan greindir er IG eini hluthafi Fiskvals. Að frátöldum eigin hlutum er Framtakssjóður Íslands slhf. (FSÍ) eini hluthafi IG en eigendur FSÍ þann 31. desember 2012 voru eftirfarandi samkvæmt heimasíðu félagsins:



Tafla 1. Hluthafar FSÍ þann 31. desember 2012

Nafn hluthafa	Eignarhlutur %
Landsbankinn	27,59
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	19,91
Gildi Lífeyrissjóður	10,39
Sameinaði Lífeyrissjóðurinn	7,72
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	7,36
Söfnunarsjóður Lífeyrissréttinda	6,62
Stafir Lífeyrissjóður	5,52
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	2,76
Festa Lífeyrissjóður	2,76
Almenni Lífeyrissjóðurinn	1,84
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,47
Lífeyrissjóður bankamanna	1,24
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	1,10
Lífeyrissjóður verkfræðinga	1,10
Eftirlaunasjóður FÍA	0,77
Íslenski Lífeyrissjóðurinn	0,68
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,58
VÍS hf.	0,55
Framtakssjóður Íslands GP hf.	0,02

Í samrunatilkygningunni kemur fram sú afstaða samrunaaðila að FSÍ sé ekki beinn aðili að samruna þessum þar sem IG sé rekið með sjálfstæðum hætti. FSÍ sé ekki undir yfirráðum neins tiltekins aðila sem á hluti í félaginu. Sé því ekki ástæða til þess að gera sérstaka grein fyrir yfirráðum FSÍ í öðrum félögum en tekið fram að FSÍ á eignarhluti í eftirfarandi félögum auk IG:

Tafla 2. Félög í eigu FSÍ auk IG

Félag	Eignarhlutur %
Advania hf.	73,95
Promens hf.	49,50
N1 hf.	44,82
Invest Farma	38,00
Icelandair Group hf.	7,00

Í samrunatilkygningunni kemur fram að starfsemi IG og dótturfélaga þess sé að meginstefnu til utan Íslands að Fiskvali frátöldu. Velta IG var um 96 milljarðar kr. á árinu 2012 en um 83 milljarðar kr. á árinu 2011.¹ Velta Fiskvals árið 2012 var 880 milljónir kr. en 888 milljónir kr. árið 2011. [...]².

¹ Umreiknað í krónur út frá miðgengi evru í árslok hvers árs.

² Trúnaðarmál.



Í samrunatilkynningunni kemur fram að hluthafar Ný-Fisks séu eftirfarandi:

Tafla 3. Hluthafar Ný-Fisks

Nafn hluthafa	Eignarhlutur %
Upsir ehf.	19,83
Jóhanna María Björnsdóttir	55,17
Novus ehf.	25,00

Velta samstæðu Ný-Fisks á árinu 2012 var 3,5 milljarðar kr. en 3,3 milljarðar kr. árið 2011 en þar af er meðtalin velta ÚS. Þorri veltu samstæðunnar eru tekjur af sölu fisks. [...]³.

Í samrunatilkynningunni segir að við útreikning á veltu innanlands sé miðað við veltu eins og hún sé skilgreind í samrunareglugerð ESB þar sem kveðið sé á um að velta skuli reiknuð miðað við sölu til aðila í viðkomandi aðildarríki í 1. mgr. 5. gr. þar sem IG er undir yferráðum FSÍ sem á eignarhluti í ýmsum rekstrarfélögum telja samrunaaðilar að velta þeirra sé yfir þeim mörkum sem sett eru í 17. gr. a samkeppnislaga. Þannig sé heildarvelta félaganna á Íslandi hærri en 2 milljarðar kr. þegar velta FSÍ er lögð við veltu samrunaaðila.

Samrunaaðilar telji að þeir markaðir sem máli skipti séu markaðurinn fyrir útflutning á fiski annars vegar og markaðurinn fyrir sölu á fiski á Evrópska efnahagssvæðinu hins vegar.

Hvað varðar landfræðilegan markaði segir í samrunatilkynningunni:

„Starfsemi samrunaaðila á Íslandi fer fyrst og fremst fram á Suðurnesjum. Rekur Ný-Fiskur fiskvinnslu í Sandgerði og flytur út fisk ásamt því sem félagið stundar takmarkaða útgerð í gegnum ÚS sem á krókaafلامark. Starfsemi Fiskvals í Reykjanesbæ er sambærileg starfsemi Ný-Fisks að því leyti að hráefni er unnið og verkað af félaginu og selt erlendis. Fiskval hefur aðallega flutt út flatfisk á meðan Ný-Fiskur hefur unnið og selt botnfisk. Innlend flutningsfyrirtæki eru mjög framarlega í flutningi á ferskum fisk og fiskafurðum á milli landshluta þar sem þau hafa yfir að ráða bílum sem útbúnir eru kælikerfum sem tryggja að hitastig vörunnar sé rétt í flutningi. Er því hægt vandi að selja nýveiddan fisk eða unninn á milli landshluta. Markaðurinn fyrir útflutning á unnum og óunnum fiski er því eðlilegt að telja landsmarkað.“

Hvað varðar markaðurinn fyrir sölu á fiski á Evrópska efnahagssvæðinu þá telja samrunaaðilar að sá markaður nái til alls evrópska efnahagssvæðisins.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að árið 2012 hafi útflutningur á ferskum sjávarafurðum frá Íslandi numið 44,2 milljörðum kr. og frostnum afurðum 141,9 milljörðum kr. Heildarútflutningur allra sjávarafurða hafi numið 268,6 milljörðum kr.

³ Trúnaðarmál.



Fram kemur að stærstu aðilar í útflutningi á sjávarafurðum frá Íslandi séu helstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins en samrunaaðilar hafi ekki nákvæmar upplýsingar um markaðshlutdeild hvers og eins. Stærstu aðilar í útflutningi á ferskum sjávarafurðum frá Íslandi séu Samherji, HB Grandi, Sæmark, Iceland Seafood International, Danica, Toppfiskur og Stakkavík.

Að mati samrunaaðila er áætluð markaðshlutdeild Fiskvals í útflutningi á ferskum sjávarafurðum frá Íslandi árið 2012 um 1%. Áætluð markaðshlutdeild Ný-Fisks í útflutningi á ferskum sjávarafurðum sé ekki hærra en 7% og innan við 0,5% á frosnum sjávarafurðum.

Samrunaaðilar telja að markaðurinn fyrir sölu á fiski á Evrópska efnahagssvæðinu velti milljörðum evra á ári hverju og markaðshlutdeild þeirra sé því mjög lítil. Í samrunatilkynningunni kemur fram að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar hafi heildar þorskafla í Evrópusambandinu verið rúmlega milljón tonn á árinu 2013. Þrátt fyrir að mikið sé veitt af fiski á Íslandi sé nær ómögulegt fyrir íslensk fyrirtæki að ná mjög hárra markaðshlutdeild á evrópskum markaði einungis með innlendu hráefni.

Að mati samrunaaðila þá skarast starfsemi þeirra á framangreindum tveimur mörkuðum þar sem markaðshlutdeild sameinaðs félags verður hærra. Talið er að ekki sé um mikla aukningu að ræða enda sé markaðshlutdeild samrunaaðila lág hvors fyrir sig. Fram kemur að IG hafi keypt fisk af Ný-Fiski og verði því lóðrétt samþætting IG meiri í kjölfar samrunans. Samrunaaðilar telji að markaðshlutdeild þeirra sé ekki slík að félögin geti talist vera í markaðsráðandi stöðu. Samrunaaðilar muni í kjölfar samrunans mæta öflugri samkeppni sterkra keppinauta á öllum mörkuðum málsins.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Bæði Fiskval og Ný-Fiskur stunda fiskvinnslu hér á landi og selja afurðir sínar á erlenda markaði. Samkeppniseftirlitið tekur undir með samrunaaðilum að þeir markaðir sem máli skipta í þessu máli séu útflutningur á fiski og fiskafurðum annars vegar og sala á fiski á Evrópska efnahagssvæðinu hins vegar. Markaðshlutdeild viðkomandi félaga er hlutfallslega lág á framangreindum mörkuðum og verður ekki séð að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi eða hún styrkist með tilkomu samrunans. Móðurfélag Fiskvals er IG sem starfar að meginstefnu til utan Íslands og hefur að því leyti ekki áhrif á markaðshlutdeildir Fiskvals og Ný-Fisks á innlendum markaði.



Samkeppniseftirlitið getur ekki séð út frá gögnum málsins að sá samruni sem hér um ræðir leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna yfirtöku Fiskvals hf. á rekstri Ný-Fisks ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson